



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt 2025–2030

Frá hafi og haga í maga: Saman fyrir sjálfbær og
samkeppnishæf Norðurlönd



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólítískar áherslur	6
Markmið 1: Öflugri græn umskipti í atvinnugreinum FJLS	12
Markmið 2: Aukin samkeppnishæfni með sjálfbærri stýringu og nýtingu auðlinda	15
Markmið 3: Aukinn viðnámsþróttur innan atvinnugreina FJLS	17
Úttekt á samstarfsáætluninni	19
Um ritið	20

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-748>

Formáli



Peter Kullgren, landsbyggðarráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

Málefnasviðin innan ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) eru mikilvæg norrænu löndunum og norræna samstarfinu. Í framtíðarsýninni 2030 koma fram forgangsmál norræna samstarfsins. Við viljum stuðla að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Grænu umskiptin fyrir sjálfbæra nýtingu auðlinda skipta höfuðmáli fyrir það hvernig við á Norðurlöndum framleiðum mat og stjórnnum náttúruauðlindum okkar, ekki síst með framtíðarkynslóðir í huga. Efnahagsleg sjálfbærni sýnir fram á mikilvægi samkeppnishæfni sem býður upp á framtíðarhorfur fyrir málefnasvið okkar, skilyrði fyrir áframhaldandi framleiðsluþróun og fæðuöryggi fyrir borgarana. Félagsleg sjálfbærni er samþætt öllum hlutum fæðukeðjunnar, allt frá réttinum til tryggs, öruggs og heilnæms fæðis til menntunar- og starfsmöguleika sem við viljum bjóða þeim sem leita til mismunandi málefnasviða FJLS.

Krísur af ýmsu tagi eru áskorun fyrir samfélög okkar, til dæmis öfgakennt veðurfar og aðrar afleiðingar loftslagsbreytinga, stríðshætta í nærumhverfi okkar og heimsfaraldrar. Þegar við vinnum sameiginlega að því að efla viðbúnað og auka viðnámsþrótt á Norðurlöndum kemur í ljós hversu mikilvægu hlutverki málefnasviða FJLS gegna. Í þessar samstarfsáætlun fjöllum við um þau aðgerðasvið sem á næstu sex árum er ætlað að leiða til aukinnar sjálfbærni og styrks á friðartímum jafnt sem krísutímum. Saman stöndum við sterkari og við hlökkum til þess að ná í sameiningu þeim markmiðum og undirmarkmiðum sem við kynnum í þessari samstarfsáætlun fyrir MR-FJLS 2025–2030.

Peter Kullgren
landsbyggðarráðherra, Svíþjóð

Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Í samstarfsáætlun MR-FJLS er pólitískum áherslum og markmiðum fyrir tímabilið 2025–2030 lýst.

Norrænt samstarf innan MR-FJLS nær til fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvælaframleiðslu og skógræktar auk hreindýranytja. Oft er þetta kallað norræna lífhagkerfið en hugtakið vísar til hagkerfis og samfélagsþróunar sem byggist á lífrænum auðlindum. Í öllum norrænu löndunum er lífhagkerfið mikilvægt og skiptir sköpum fyrir strjálbýl svæði og uppbyggingu heilbrigðra og viðnámsþolinna samfélaga með samkeppnishæfum fyrirtækjum.

Álag hefur verið á atvinnugreinunum innan MR-FJLS, meðal annars vegna loftslagsbreytinga, heimsfaraldurs kórónuveiru, óstöðugra afhendingarkeðja og nú síðast geópólitískra áskorana sem meðal annars má rekja til árásar Rússa á Úkraínu. Norrænu löndin þurfa að vinna saman að því að finna framtíðarlausnir fyrir græn umskipti í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, fiskeldi og matvælaframleiðslu, sem og til framkvæmdar Parísarsáttmálans og Kunming-Montreal rammans. Saman þurfa löndin jafnframt að finna jafnvægi á milli auðlindanýtingar, náttúruverndar og annarra hagsmuna á landi og í sjó. Þörf er á samvinnu á milli svæða með aðkomu fræðiheimsins og atvinnulífsins. Á tímabilinu 2025–2030 verða þrjú markmið leiðarstefið í norrænu samstarfi: 1) öflugri græn umskipti, 2) aukin samkeppnishæfni, og 3) aukinn viðnámsþrótt.

Við gerð samstarfsáætlunarinnar var samráð haft við Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðra viðkomandi aðila. Í september 2023 komu Norðurlandaráð og Nordic Civ, samstarfsnet frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum, með ábendingar varðandi pólitískar áherslur 2025–2030. Tekið var tillit til þeirra við undirbúning á fyrstu drögum og var þeim miðlað til allra aðila innan MR-FJLS. Frekara samráð átti sér stað í október 2023 með fulltrúum einkageirans og borgarasamfélagsins sem tilnefndir voru af aðildarlöndunum varðandi málefnasvið FJLS.

Samstarfsáætlunin er stýrandi í starfsemi MR-FJLS. MR-FJLS samþykkti samstarfsáætlunina þann 19. júní 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Samstarfsáætlunin tekur mið af því hlutverki Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að uppfylla framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina hvað varðar hinar þrjár stefnumarkandi áherslur.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólítískar áherslur

Málefнасvið FJLS – stutt yfirlit

Vinnan að sjálfbærum matvælakefjum og öruggu framboði heilnæmra matvæla er mikilvæg í öllum norrænu löndunum. Megnið af landbúnaðarlandi á Norðurlöndum er notað til þess að rækta gras í fóður, korn og aðrar nytjaplöntur. Norrænu löndin hafa um margra áratuga skeið átt í samstarfi varðandi erfðaauðlindir í landbúnaði og skógrækt og með stofnun Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar, NordGen, var mörkuð sameiginleg stefna um stýringu erfðaauðlinda á Norðurlöndum. Hreindýrarækt er stunduð í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Sums staðar teygir hreindýrabúskapur sig jafnframt yfir landamærin á milli Noregs og Svíþjóðar. Framleiðsla mjólkur- og kjötafurða er mikilvæg í öllum löndunum og er Danmörk í sérflokki með sína umfangsmiklu svínarækt. Fiskveiðar og fiskeldi hafa mesta þýðingu fyrir Noreg, Danmörku, Ísland, Færeyjar og Grænland en Finnland og Svíþjóð eru stærstu framleiðendur timburs og annarra skógarafurða í norrænni skógrækt. Atvinnugreinarnar sem falla undir málefnasvið FJLS hafa gengið og ganga enn stöðugt í gegnum breytingar og aðgerðir til þess að auka skilvirkni, ekki síst til þess að tryggja áframhaldandi fjárhagslega arðbærni við síbreytilegar aðstæður.

Tækifæri og lausnir á vandamálum á málefnasviði FJLS 2025–2030

Helstu áherslur á málefnasviði FJLS á næstu árum eru eftirfarandi: að ýta undir áframhaldandi græn umskipti í átt til sjálfbærra matvælakefja sem fela í sér öruggt framboð á heilnæmum og sjálfbærum matvælum fyrir vaxandi íbúafjölda Norðurlanda, öruggt, heilsusamlegt og sjálfbært mataræði, sterkar tegundir og ræktunarefni, dýravelferð og heilbrigð dýr og jurtir. Grundvallarforsenda þessa er að auka samkeppnishæfni innan framleiðslukeðja FJLS með sjálfbærri stýringu og nýtingu auðlinda sem byggist á þekkingu, ásamt framleiðslu og vinnslu endurnýjanlegs hráefnis. Efla verður viðnámsþrótt innan atvinnugreina FJLS í löndunum og á svæðinu og stuðla þannig að öruggu fæðuframboði.

Þörf er á norrænu samstarfi til þess að finna lausnir og nauðsynlegar leiðir til þess að uppfylla þessi markmið. Almennt er fæðuöryggi gott á Norðurlöndum en veðuröfgar, veikleikar í afhendingarkeðjum, mengun og útbreiðsla framandi og hugsanlega skaðlegra tegunda eru allt dæmi um mögulegar áskoranir. Aukin samkeppnishæfni

atvinnugreina lífhagkerfisins er forsenda fyrir bættu fæðuframboði en skuldbindingar um að draga úr losun, standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og auka sjálfbærni í stýringu náttúruauðlinda geta haft áhrif á hana. Grænu umskiptin geta einnig skapað áskoranir varðandi framleiðslumarkmið innan landbúnaðar, skógræktar, fiskveiða, fiskeldis og hreindýraræktar. Meðal annars geta vaknað spurningar um landnotkun þegar land- og hafsvæði eru nýtt með sífellt margbreytilegri hætti. Það skapar aukna samkeppni um svæðin.

Nýjar hugmyndir, nýsköpun og fjárveitingar til áhrifameiri verkefna geta stuðlað að lausnum sem bæði ýta undir samkeppnishæfa framleiðslu og annan samfélagslegan ávinning um leið og hægt er að uppfylla markmið í umhverfis- og loftslagsmálum. Margar þessara lausna eru þverfaglegar og teygja sig yfir landamæri sem þýðir að mismunandi áætlanir og markmið hafa áhrif á skipulagningu aðgerða. Því er mjög mikilvægt að viðhalda pólitískri samstöðu um vinnuna að heimsmarkmiðunum, einkum þar sem enn eru til staðar alvarleg úrlausnarefni þegar kemur að því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fram til ársins 2030.

Yfirlýsing forsætisráðherranna um sjálfbært sjávarhagkerfi og græn umskipti ber vott um þann áhrifamátt sem pólitísk samstaða getur haft fyrir norrænt samstarf. Markmið yfirlýsingarinnar fela í sér að ráðist verði í sameiginlegar rannsóknaraðgerðir, þekkingarmiðlun verði aukin, sem og norræn þátttaka í alþjóðlegum verkefnum og samstarfsferlum í tengslum við sjálfbæra nýtingu hafsins. Þessi markmið hafa verið fest í sessi með ýmsum haftengdum verkefnum og samstarfsáætlun MR-FJLS 2025–2030 mun áfram taka mið af þeim.

Ljóst er að þarfirnar innan málefnasviðs FJLS eru margþættar og oft umfram það fjármagn sem til reiðu er fyrir jafnt innlendar sem samnorrænar aðgerðir á sviðinu. Svæðasamstarf er því skynsamlegt til þess að hámarka gagnsemi innlendra aðgerða út frá norrænu sjónarhorni ásamt því að skapa betri forsendur fyrir samlegðaráhrifum og þekkingarmiðlun á svæðinu. Aukið samstarf á milli stjórnvalda og norrænna sérfræðinga ýtir undir miðlun reynslu, nýsköpun og sameiginlegar rannsóknir sem skila aukinni norrænni nytsemi. Samvinna á milli ráðherranefndanna og samnorrænna stofnana gerir sameiginlegar aðgerðir mögulegar þvert á málefnasvið með góðri tengingu við samnorrænt rannsóknar- og nýsköpunarstarf. Nýta má samstarfsnet og -kerfi innan FJLS fyrir verkefni þar sem byggður er upp viðbúnaður og geta til að takast á við þær áskoranir sem fram undan eru á málefnasviðinu. Einnig fá norrænu löndin í gegnum norrænt samstarf tækifæri til þess að tala einni röddu á alþjóðavettvangi þar sem skynsamlegt er að kynna sameiginlega norræna nálgun á alþjóðleg mál.

Annar þáttur sem felur í sér bæði áskoranir og tækifæri á málefnasviði FJLS er aukin stafræn væðing og þróun á sviði gervigreindar. Þetta verður skoðað betur í norrænu samstarfi meðal annars með það fyrir augum að ná betri árangri í greiningu og prófun á matvælum, auka upplýsingagjöf til neytenda og bæta upplýsingamiðlun sem styrkir sameiginlegan viðbúnað vegna sjúkdóma sem smitast á milli dýra og manna og dýrafarsóttá í norrænum lífhagkerfum, svo og skráningu og kortlagningu margþættra hagsmuna varðandi fiskveiðar, fiskeldi, skógrækt og landbúnað. Hagur væri af því að stjórnvöld í löndunum ynnu saman að greiningu þeirra áskorana sem upp kunna að koma vegna stafrænnar væðingar til þess að skapa grundvöll fyrir samnorrænar aðgerðir í tengslum við viðbúnað vegna tölvuöryggis og annarra stafrænna ógna á

sviðinu. Aukin stafræn væðing er jafnframt mikilvæg með tilliti til bestunar á framleiðslu innan grænu og bláu atvinnugreinanna þar sem hún dregur úr auðlindatapi og notkun eiturefna og sýklalyfja, eykur hæfnipróun og eflir þekkingu.

”

Grænu umskiptin fyrir sjálfbæra nýtingu auðlinda skipta höfuðmáli fyrir það hvernig við á Norðurlöndum framleiðum mat og stjórnnum náttúruauðlindum okkar, ekki síst með framtíðarkynslóðir í huga.

Grænu umskiptin

Sjálfbær stýring og nýting náttúruauðlinda verður æ flóknari og því þarf að auka við þekkingu til þess að efla loftslagsaðlögun og takmarka loftslags- og umhverfishrif ásamt því að tryggja samkeppnishæfa framleiðslu fyrir vaxandi íbúafjölda Norðurlanda ásamt því að efla velferð og líffræðilega fjölbreytni. Mikil þörf er því á auknum sameiginlegum aðgerðum á sviði rannsókna, nýsköpunar og hæfnipróunar með miklum möguleika á norrænum virðisauka. Sjálfbær matvælaakerfi og virðiskeeðjur innan málefnaviðs FJLS krefjast samkeppnishæfrar framleiðslu, aðgengis að endurnýjanlegum orkuauðlindum og sjálfbærrar stýringar varðandi líffræðilega fjölbreytni. Um leið verður að viðhalda sama háa stigi fæðuöryggis og verið hefur með fleiri lausnum og nýjungum á sviði sjálfbærrar og heilnæmrar neyslu. Sjálfbær og heilnæm neysla kallar á lausnir og nýjungar sem auka viðnámsþrótt og samkeppnishæfni í hráefnis- og ræktunarkerkjum framtíðarinnar um leið og hætta á neikvæðum loftslags- og umhverfisáhrifum kerfanna er takmörkuð.

Sjálfbær matvælaframleiðsla er háð áframhaldandi góðu heilbrigði dýra, fiska og plantna á Norðurlöndum sem skapar forsendur fyrir góðri dýravelferð, lítilli lyfja og eiturefnanotkun og öruggari matvælum. Þessi svið tengjast jafnframt umhverfi og heilbrigði í gegnum „One Health“-nálgunina. Forsendur sjálfbærrar og heilnæmrar matvælaneyslu eru fæðuöryggi og heilnæm matvæli sem innihalda næringu í samræmi við niðurstöður rannsókna sem norrænar næringarráðleggingar eru byggðar á og miðast við matvæli sem góð náttúruleg og menningarleg skilyrði eru til þess að framleiða á Norðurlöndum. Hún krefst þess einnig að við drögum úr matarsóun, bætum nýtingu auðlinda frá uppruna til neyslu og byggjum upp betra matvælaumhverfi. Framleiðsla á nýju grænu prótíni og prótíni úr sjó skapar ásamt hliðarafurðum í lífhagkerfinu tækifæri á aukinni staðbundinni framleiðslu á bæði fóðri og matvælum. Þessu fylgja þó auknar kröfur um fæðuöryggi og greiningargetu en á því sviði býr norrænt samstarf yfir reyndum kerfum og langri reynslu af sameiginlegum aðgerðum.

Sjálfbærri og heilnæmri matvælaneyslu fylgir einnig aukin áhersla á líffræðilega og erfðafræðilega fjölbreytni, auðlindir og erfðafræðilega sérþekkingu. Í gegnum norrænu erfðaauðlindastofnunina, NordGen, hefur norrænt samstarf einstakt tækifæri til þess að styðja við sjálfbæra neyslu og framleiðslu með þróun heilnæmra og viðnámsþolinna nytjaplantna sem til dæmis þola breytt loftslag. NordGen varðveitir einnig og hvetur til notkunar húsdýrategunda sem ekki eru mikið notaðar í atvinnuskyni með ólíka eiginleika sem til lengri tíma eru sjálfbærar og eftirsóknarverðar til þess að tryggja aðgengi að heppilegu ræktunarefni í framtíðinni.

Grænu umskiptin kalla á að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis sem hefur í för með sér aukna þörf á öðrum og endurnýjanlegum orkugjöfum á borð við líforku, vindorku og sólarorku. Byggingar- og framkvæmdaaðferðum sem byggjast á stáli, áli og steypu fylgir umtalsverð notkun jarðefnaeldsneytis. Það þýðir að norrænn lífiðnaður, kannski fyrst og fremst skógrækt en einnig úrgangur frá matvælaframleiðslu, verður að vera hluti af orkuframboðinu með öðrum hætti en áður og að nota ber grænar vörur og timbur í auknum mæli við byggingar og framkvæmdir. Góð hefð er fyrir rannsóknar- og þekkingarsamstarfi á milli norrænu landanna á sviði skógræktar og timburvinnslu.

”

Norrænu löndin þurfa að vinna saman að því að finna framtíðarlausnir fyrir græn umskipti í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, fiskeldi og matvælaframleiðslu, sem og til framkvæmdar Parísarsáttmálans og Kunming-Montreal rammans.

Aukin samkeppnishæfni

Líta ber á grænu umskiptin sem tækifæri fyrir málefnasvið FJLS til þess að leggja sitt af mörkum til efnahagslegrar verðmætasköpunar í formi framleiðslu á vörum og þjónustu frá atvinnugreinum FJLS sem jafnframt stuðla að loftslagsaðlögun og geta eftt líffræðilega fjölbreytni. Aukin samkeppnishæfni og arðbær framleiðsla innan virðiskeeðja skógræktar, landbúnaðar, fiskveiða og fiskeldis skapa mikilvægar efnahagslegar forsendur til þess að styðja við þessi umskipti. Norræn átök í tengslum við matarmenningu og matargerð á borð við Ný norræn matvæli stuðla að auknum áhuga og þekkingu á norrænni matarmenningu ásamt því að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni í norrænu löndunum.

Leitast ætti eftir nýsköpunarlausnum þar sem áherslan er á efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbærni í nánú samstarfi við aðila frá atvinnulífinu, stjórnvöldum, borgarasamfélaginu og vísindasamfélaginu til þess að efla samkeppnishæfni í

virðis­keðjum skógræktar, landbúnaðar, fiskveiða og fiskeldis. Ef virðis­keðjur FJLS mæta þörfum framtíðarinnar á vörum og þjónustu getur ný verðmætasköpun þróast. Um leið fylgja sjálfbærni­viðmiðum nýjar kröfur um reglufylgd og skýrslugjöf fyrir fyrirtæki. Aðgengi að réttri og vandaðri tölfræði og gögnum getur átt þátt í því að auka samkeppnishæfni á jafnt innlendum sem alþjóðlegum mörkuðum.

Skortur á rétt menntuðu starfsfólki og lítil nýliðun í atvinnugreinum FJLS er vandamál í landbúnaði, fiskveiðum og fiskeldi og öðrum hlutum matvælakeðjunnar.

Atvinnugreinarnar reiða sig á erlent vinnuafli sem getur með tímanum gert þær viðkvæmar og leitt til þess að þekking tapist. Sá skortur á dýralæknum sem nú þegar er alvarlegur í nokkrum norrænum löndum og búist er við því að verði áfram til meðallangs og lengri tíma veldur erfiðleikum í dýrabúskap og -velferð. Sameiginlegar áherslur til þess að auka samkeppnishæfni og efla félagslega sjálfbærni innan atvinnugreina FJLS á Norðurlöndum felast í því að þróa tækifæri á vinnumarkaði, styrkja stöðu og tekjumöguleika, vinna gegn mögulegum stjórnsýsluhindrunum og efla hlutverk ungs fólks í matvælakefnum.

”

Sjálfbær matvælakefni og virðis­keðjur innan málef­nasviðs FJLS krefjast samkeppnishæfrar framleiðslu, aðgengis að endurnýjanlegum orkuauðlindum og sjálfbærrar stýringar varðandi líffræðilega fjölbreytni.

Aukinn viðnámsþróttur

Stríð, versnandi staða heims­mála undanfarin ár, veðuröfgar og væntanlegar afleiðingar loftslagsbreytinga og breytt skilyrði í vistkerfum ásamt áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á samfélagið sýna þau áhrif sem ytri og innri atburðir og stundum samverkandi krísur geta haft á Norðurlönd. Áframhaldandi þróun lífhagkerfisins getur verið hluti af vinnunni að viðbúnaðarmálum og gæti dregið úr veikleikum og eftt getuna til að halda upp fæðuöryggi með aukinni getu til þess að framleiða vörur úr auðlindum lífhagkerfisins vörur á Norðurlöndum.

Í kjölfar loftslagsbreytinga er þörf á að afla og miðla meiri þekkingu um áhrifin á lífhagkerfið. Hætta er á að veðuröfgar, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og mengun ógni áfram framleiðsluauðlindum jafnt á heimsvísu sem á Norðurlöndum með kostnaðarsömum og oft ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Stríðið í Úkraínu og hátt orku- og áburðarverð í kjölfar þess og áhrif heimsfaraldursins á framleiðsluskilyrði,

samfélagslega innviði og heilsu fólks sýna mikilvægi þess að efla viðbúnað á svæðinu. Að auka félagslegan, efnahagslegan og umhverfislegan viðnámsþrótt gagnvart núverandi og komandi krísum, þ.e.a.s. tryggja til framtíðar framleiðsluauðlindir og fæðuframboð gagnvart því sem nefna má fjölþáttakrísur, mun verða hluti af vinnu landanna að viðbúnaðarmálum og þar getur svæðasamstarf auðveldað vinnuna. Í þessari vinnu má draga dýrmætán lærdóm af þeim veikleikum sem heimsfaraldurinn leiddi í ljós.

Í gegnum norrænt samstarf er hægt að styrkja viðbúnaðarferla landanna með miðlun reynslu, samstarfsnetum, sameiginlegum aðgerðum og áætlunum. Þar sem loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og aðrar krísur hafa áhrif á nærumhverfi okkar þurfum við að vinna með nágrannalöndum og deila þekkingu í tengslum við afkomuöryggi og loftslagsaðlögun í atvinnugreinum FJLS. Þátttaka Norðurlanda í alþjóðlegum verkefnum stuðlar enn frekar að auknum viðbúnaði og viðnámsþrótti á svæðinu gagnvart krísum samtímans og framtíðarinnar.

Sjónarmið þvert á fagsvið

Pólitískar áherslur í starfsemi MR-FJLS miða að því að efla framtíðarsýn Norðurlanda fyrir árið 2030 og stefnumarkandi áherslurnar um græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Við vinnuna að öllum markmiðum og undirmarkmiðum verður markvisst tekið tillit til hinna þverlægu sjónarmiða um börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun. Í starfsáætlunum MR-FJLS fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030 verða þau útfærð nánar.

MR-FJLS hefur tekið ákvörðun um markmið og undirmarkmið með starfinu á tímabilinu 2025–2030. Hinar pólitísku áherslur vísa veginn í starfsemi á málefnasviðinu í norrænu samstarfi. Það þýðir að á þessum markmiðum skuli byggja aðgerðir sem skila þeim árangri og stuðla að því að ná fram þeim breytingum sem stefnt er að.

Markmið 1: Öflugri græn umskipti í atvinnugreinum FJLS



Þetta markmið stuðlar einkum að framgangi hinnar stefnumarkandi áherslu um græn Norðurlönd með aukinni þekkingu á því hvernig ná megi fram grænum umskiptum innan atvinnugreina FJLS. Einnig stuðlar markmiðið að framgangi hinnar stefnumarkandi áherslu um samkeppnishæf Norðurlönd því gera má ráð fyrir að skilvirk og sjálfbær nýting og orkunotkun auki samkeppnishæfni í frumframleiðslu og ræktunarkerkjum. Loks stuðlar heilnæm og sjálfbærari matvælaneysla einnig að framgangi hinnar stefnumarkandi áherslu um félagslega sjálfbær Norðurlönd með því að ýta undir heilbrigðan lífsstíl og bættu lýðheilsu.

Undirmarkmið 1.1: Sjálfbær stjórnun náttúruauðlinda

Stuðningur við norrænt samstarf og aukið samtal á milli norrænna aðila í tengslum við sjálfbærar lausnir innan atvinnugreina FJLS sem stuðla að jafnvægi á milli auðlindanotkunar, náttúrunnar og annarra hagsmuna á landi og sjó. Aukin og frekari þekking á sjálfbærri og samþættri stjórnun og sjálfbærri notkun erfðaauðlinda, auðlinda á landi og í sjó og líffræðilegri fjölbreytni á Norðurlöndum. Stuðningur við þróun erfðafræðilega ólíkra nytjajurta, plantna, húsdýra og eldisfiska sem eru aðlagðir að loftslagsbreytingum og stuðla að sjálfbærri matvælaframleiðslu.

Undirmarkmið 1.2: Loftslagsaðlögun og minni umhverfis- og loftslagsáhrif innan atvinnugreina FJLS

Stuðningur við stefnumótun til þess að laga lífhagkerfið að loftslagsbreytingum ásamt því að takmarka umhverfis- og loftslagsáhrif og stuðla að auðlindanýtnu hringrásarhagkerfi í allri hinni virðisikeðju lífhagkerfisins. Samstarf í tengslum við sameiginleg norræn úrlausnarefni sem tengjast loftslagsaðlögun, togstreitu um svæði, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og mengun.

Undirmarkmið 1.3: Sjálfbær og skilvirk orkunotkun í matvælakerfum

Stuðningur við verkefni með möguleika á sjálfbærri og skilvirkri orkunotkun, þar með talið með því að nýta hliðar- og úrgangsafurðir sem til falla við nýtingu á lífmassa, í norrænum matvælakerfum. Að efla miðlun reynslu sem gerir kleift að greina samlegðaráhrif og hringrásarlausnir á milli framleiðslugreina, stuðlar að lausnum varðandi samvinnu, uppbyggingu samstarfsneta og sameiginlegum aðgerðum um nýskapandi orkulausnir.

**Undirmarkmið 1.4:
Heilnæm og
sjálfbær neysla
matvæla á
Norðurlöndum**

Stuðningur við sameiginleg norræn verkefni um heilnæma matvælaneyslu og matarumhverfi sem ýta undir heilnæmt og sjálfbært mataræði og minni matarsóun í virðiskeðjunni allri. Samstarf um vandaða fræðslu til neytenda sem felur í sér þekkingargrunn úr Norrænum næringarráðleggingum, merkingar á framhlið matvælaumbúða og aðrar næringarmerkingar. Aðgerðir til þess að viðhalda fæðuöryggi með áhættugreiningum og til þess að tryggja að til staðar séu hagkvæmar greiningaraðferðir sem byggjast á þekkingu, til dæmis þegar hráefni með hærra hlutfall af grænu prótíni og hliðarafurðum er notað í bæði fóður og matvæli.

Markmið 2: Aukin samkeppnishæfni með sjálfbærri stýringu og nýtingu auðlinda



Þetta markmið stuðlar að framgangi allra þriggja stefnumarkandi áherslusviðanna; grænna Norðurlanda þar sem áhersla er á sjálfbæra starfsemi fyrirtækja og hringrásarlausnir í samræmi við grænu umskiptin, samkeppnishæfra Norðurlanda með aðgerð sem miðar að því að auka virði þess að efla samkeppnishæfni í atvinnugreinum innan FJLS á Norðurlöndum, og félagslega sjálfbærra Norðurlanda í gegnum undirmarkmið um aukið vinnuafli og eflingu starfstækifæra innan atvinnugreina FJLS.

**Undirmarkmið 2.1:
Samvinna hins
opinbera og
einkageirans í þágu
nýsköpunar og
samkeppnishæfni**

Stuðningur við að komið verði á fót frekari samstarfsmöguleikum fyrir stjórnvöld, fræðasamfélagið, borgarasamfélagið og fyrirtæki sem starfa á málefnasviði FJLS. Eft samstarf um næringarmiðaðar rannsóknir fyrir málefnasvið FJLS með virkri nýtingu stofnana á borð við NordForsk og Nordic Innovation þar sem sérstök áhersla er lögð á að nýta samlegðarmöguleika á milli útboða á Norðurlöndum og í ESB. Leitast eftir samstarfi um nýsköpun, uppbyggingu þekkingar og tilraunaverkefni um sjálfbærar hringrásarlausnir og nýjar lífhagkerfisafurðir úr virðiskeðjum FJLS sem auka samkeppnishæfni og efnahagslegan virðisauka.

**Undirmarkmið 2.2:
Tölfræði og gögn
um sjálfbæra
fyrirtækjapróun
innan norræna
lífshagkerfisins**

Stuðningur til þróunar norræns tölfræðigagnagrunns til að halda til haga mikilvægum upplýsingum fyrir atvinnulífið, stjórnvöld og fræðasamfélagið á málefnasviði FJLS. Leitast eftir samstarfi við aðrar ráðherranefndir sem fjalla um stjórnsýsluhindranir, vinnuafli, stafræna væðingu, menntun, hæfniþróun og hagvöxt til þess að afla vandaðra talnagagna og þverfaglegra gagna sem ýta undir efnahagslega verðmætasköpun og styrkja sjálfbærni og samkeppnishæfni.

**Undirmarkmið 2.3:
Starfstækifæri og
aukið vinnuafli
innan atvinnugreina
FJLS**

Stuðningur til verkefna sem vinna gegn kerfislægum hindrunum, ýta undir jafnrétti og skapa betri skilyrði fyrir yngra og fjölbreyttara vinnuafli. Slík verkefni geta einnig stuðlað að byggðapróun, fjölgað starfstækifærum innan FJLS, eft félagslega sjálfbærni, aukið samkeppnishæfni og aukið viðnámsþrótt fæðuframboðs. Ýtt verður undir samstarf á milli menntastofnana og hæfniþróunar á Norðurlöndum og á milli fyrirtækja og menntastofnana til að efla aðdráttarafi málefnasviða FJLS.

Markmið 3: Aukinn viðnámsþróttur innan atvinnugreina FJLS



Það er skynsamlegt fyrir norrænt samstarf að byggja í sameiningu upp viðnámsþolin kerfi og innviði innan atvinnugreina FJLS og gera má ráð fyrir að það hefði jákvæð áhrif á öll þrjú stefnumarkandi áherslusviðin, græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Undirmarkmið 3.1: Norrænt samstarf um aukinn viðnámsþrótt

Vinnu MR-FJLS að auknum viðnámsþrótti og viðbúnaði verður fylgt eftir með aukinni þekkingaröflun, umræðum og samstöðu um hlutverk og virði norræns samstarfs til þess að efla viðnámsþrótt á svæðinu. Ráðist verður í sameiginlegar aðgerðir og samvinnu um viðnámsþrótt norrænt lífhagkerfi sem getur náð yfir fæðu-, fóður- og drykkjarvatnsframboð, samstarf á sviði dýralækninga, One Health, líforku, erfðaauðlindir, endurheimt vistkerfa og sameiginlega stefnu varðandi mikilvægar íhlutavörur og vinnuafli. Stuðningur veittur til að koma upp kerfum, samstarfsnetum og samstarfi á milli ólíkra aðila samfélagsins sem einfalda samskipti, miðlun upplýsinga og hæfniþróun á milli norrænu landanna.

Undirmarkmið 3.2: Aukið samstarf um stefnumótun í nærumhverfinu

Stuðningur til verkefna á Eystrasaltssvæðinu með Eystrasaltslöndunum og Norðurskautssvæðinu til þess að auka sameiginlegan viðnámsþrótt gagnvart krísum í nærumhverfinu. Samstarf eftir við grannríki í vestri til þess að mæta afleiðingum loftslagsbreytinga og breyttri stöðu heimsmála og krísa sem henni fylgja. Stuðningur við sameiginlegar aðgerðir með aðilum á grannsvæðum út frá greiningu og forgangsriðun í tengslum við undirmarkmið 3.1 (sjá fyrir ofan).

Undirmarkmið 3.3: Aukið alþjóðlegt samstarf

Rödd Norðurlanda í alþjóðlegu samstarfi um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þau markmið sem hafa sérstakt vægi fyrir málefna svið FJLS styrkt. Alþjóðlegt samstarf aukið til þess að bæta viðnámsþrótt gagnvart hnattrænum áskorunum með því að byggja upp samstarfsnet og viðbúnað, samráð og miðlun reynslu þvert á landamæri. Stuðningur við sameiginlega norræna þátttöku í stefnumótunarferlum og á alþjóðavettvangi.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á. Það fer fram innan hvers málefnsviðs undir stjórn skrifstofunnar í samstarfi við embættismannanefndir málefnsviðanna.



Um ritið

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt 2025–2030

PolitikNord 2024:748

ISBN 978-92-893-7969-4 (PDF)

ISBN 978-92-893-7970-0 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-748>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Anna Hållams / Image Bank Sweden, Helena Wahlman / Image Bank Sweden,

Melker Dakstrand / Image Bank Sweden, Mads Schmidt Rasmussen / norden.org

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur